

**Ed.**

**689. Breytingartillaga**

[174. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 53 5. júní 1957, um lax- og silungsveiði.

Frá Steinþóri Gestssyni, Jónasi G. Rafnar og Jóni Þorsteinssyni.

Á eftir 47. gr. komi ný grein, þannig:

87. gr. (áður 102. gr.) hljóði svo:

1. Í veiðimálanefnd eiga sæti fimm menn. Ráðherra skipar nefndina til 4 ára í senn, einn án tilnefningar, einn samkvæmt tilnefningu Búnaðarfélags Íslands, einn samkvæmt tilnefningu Hafrannsóknastofnunarinnar, einn samkvæmt tilnefningu Landssambands stangarveiðifélaga og einn samkvæmt tilnefningu Landssambands veiðifélaga. Ráðherra skipar formann nefndarinnar. Nú tilnefnir einhver framan- greindra aðila eigi mann í veiðimálanefnd, og skipar ráðherra í nefndina í hans stað. Varamenn skal skipa með sama hætti og aðalmenn.

2. Veiðimálanefnd er ráðherra til aðstoðar um veiðimál og fer með þau mál, sem henni er falið í lögum þessum. Getur hún gert tillögur um allt, er að veiðimálum lýtur. Samþykkis veiðimálanefndar skal leita um setningu reglugerða og annarra ákvæða um friðun, fiskeldi og veiði.

3. Fundur er ályktunarfær, ef minnst þrjú menn eru á fundi.

4. Aðkvæði þriggja nefndarmanna þarf til þess, að ákvörðun veiðimálanefndar sé lögmat.